

Frá: Menntamálastofnun <kynningarmal@mms.is>

Sent: mánudagur, 20. janúar 2020 13:41

Til: Fanney Dórothe Halldórsdóttir <fanney@hafnarfjordur.is>

Efni: Undirbúningur samræmdra könnunarprófa í 9. bekk

Til upplýsinga: Tölvupóstur sendur skólastjórum grunnskóla 2. janúar 2020

Ágæti skólastjóri.

Undirbúningur samræmdra könnunarprófa í 9. bekk stendur nú yfir en prófin verða lögð fyrir í mars nk. Við viljum minna á nokkur atriði vegna fyrirlagnar könnunarprófanna.

Dagsetningar prófanna eru eftirfarandi:

Vikudagur:	Dagsetning:	Námsgrein:
Mánudagur	10. mars	íslenska
Þriðjudagur	11. mars	stærðfræði
Miðvikudagur	12. mars	enska
Þriðjud. - fimmtud.	17.-19. mars	Varaprófdagar*

*Varaprófdagar verða 17., 18. og 19. mars. Þeir verða eingöngu notaðir ef upp koma alvarleg tæknileg vandamál vegna prófakerfis.

Skráning í Skólagátt

Mikilvægt er að uppfæra skráningu nemenda og kennara í bekk í [Skólagátt](#). Sjá leiðbeiningar [hér](#). Einungis þeir nemendur sem eru skráðir í Skólagátt fá úthlutaðan prófkóða. Lokafrestur skráningar er til 25. febrúar nk.

Breyting á útfærslu próftíma

Reglum um notkun próftíma á könnunarprófunum hefur verið breytt þannig að allir nemendur geti nýtt sér bæði hefðbundinn próftíma, 150 mínútur, og viðbótarpróftíma, 30 mínútur, eða samtals 180 mínútur. Þessi breyting felur í sér að ekki þarf að sækja um stuðningsúrræði vegna lengri próftíma til Menntamálastofnunar nema nemandi þurfi enn lengri tíma en þrjár klukkustundir. Engin breyting verður á uppbyggingu eða á lengd prófsins. Athuganir Menntamálastofnunar sýna að flestir nemendur ljúka prófi á 60 til 100 mínútum. Athugið að áfram þarf að sækja um stuðningsúrræði í formi upplesturs, þ.e. svo hljóðskrár fylgi prófi. Vísað er til 7. gr. reglugerðar nr. 173/2017 vegna stuðnings við próftöku.

Stuðningsúrræði og undanþágur

Skrá þarf stuðningsúrræði og undanþágur nemenda fyrir miðnætti þriðjudaginn 25. febrúar í [Skólagátt](#). Hægt verður að hefja skráningarnar þann 1. febrúar. Eyðublöð fyrir [umsóknir](#) um stuðningsúrræði og undanþágur má finna á heimasíðu stofnunarinnar. Eins og fram kom hér að ofan þarf einungis að sækja sérstaklega um stuðningsúrræði ef stuðningur felst í upplestri eða ef um sértæk úrræði er að ræða. Nánari upplýsingar um stuðningsúrræði og undanþágur má finna í Leiðbeiningum um framkvæmd á heimasíðu stofnunarinnar, sjá [hér](#).

Fyrirlögn á prófdag

Fyrirlögn prófa skal fara fram á tímabilinu frá kl. 8:00 til 16:00 á prófdag en skólastjóri ákveður nánar hvenær próf fara fram innan prófdagsins. Mikilvægt er að huga vel að netkerfi skólans og tryggja góða virkni tölvubúnaðar.

Kynningarprófin

Menntamálastofnun hvetur nemendur, kennara og foreldra til að skoða [kynningarpróf](#) sem verða aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar frá 1. febrúar. Þau eru í fullri lengd og eru hugsuð fyrir nemendur og foreldra til að skoða og kynna sér prófin og prófakerfið. Jafnframt er gagnlegt fyrir kennara og aðila í tölvuumsjón að nota kynningarprófið til að kynnast prófakerfinu, setja upp veflása og fleira.

Frekari upplýsingar

Almennar upplýsingar um könnunarprófin má sjá [hér](#), leiðbeiningar um framkvæmd eru [hér](#) og skýrslur/samantekt um síðustu könnunarpróf má sjá [hér](#).

Bréf með frekari upplýsingum munu berast síðar og auk þess bréf sem eru ætluð nemendum og forráðamönnum þeirra.

Ef þú hefur ábendingar til okkar eða þörf á frekari upplýsingum ekki hika við að senda okkur póst á netfangið prof@mms.is.

Með kveðju,

Guðrún Birna Einarsdóttir, verkefnisstjóri könnunarprófa.

Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs.